

Rauði krossinn við Eyjafjörð, stjórnarfundur í Viðjulundi, Akureyri,
föstudaginn 21. mars 2025 kl. 16:00

Fundargerð

Mættir á fundinn: Þorsteinn K. Björnsson, Kristín Björk Gunnarsdóttir, Eva Hrund Einarsdóttir, Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir, Lárus H. Sigurðsson, Gunnar Már Gunnarsson og Ingibjörg Halldórsdóttir, deildarstjóri.
Boðuðu forföll: Kári F. Lárusson og Kristjana V. Valgeirsdóttir.

1. Verkaskipting stjórnar þ.e. kosning á varaformanni, ritara og gjaldkera

Gerð er tillaga um að Kristín Björk verði varaformaður, Eva Hrund Einarsdóttir verði ritari og Jóhanna Björk Sveinbjörnsdóttir verði gjaldkeri.

Stjórn samþykkir framangreinda tillögu.

2. Skipun í framkvæmdaráð

Samkvæmt starfsreglum sem stjórn Rauða krossins við Eyjafjörð hefur sett sér er framkvæmdaráð skipuð þremur stjórnarmönnum, formanni, og tveimur stjórnarmönnum.

Stjórn skipar Þorstein K. Björnsson, Kristínu Björk Gunnarsdóttur og Lárus H. Sigurðsson í framkvæmdaráð.

3. Fundarboð á aðalfund (13. maí) Velferðarsjóðs og tilnefning fulltrúa í stjórn Velferðarsjóðs Eyjafjarðarsvæðis

Gerð er tillaga um að Kristín Björk Gunnarsdóttir og Baldvin Valdemarsson verði fulltrúar Rauða krossins í stjórn Velferðarsjóðsins.

Stjórn samþykkir framangreinda tillögu.

4. Áætlun um fundardaga stjórnar og aðalfund deildarinnar

Formaður lagði fram áætlun um dagsetningu stjórnarfunda til apríl 2026.

Tillaga að fundardögum			
2025		2026	
Mánuður	Fundardagur	Mánuður	Fundardagur
apríl	8	Janúar	13
maí	13	Febrúar	10
júní		Mars	3
júlí		Apríl	14
ágúst			
september	9		
október	14		
nóvember	11		
desember	9		

Aðalfundur Rauða krossins við Eyjafjörð áætlaður 12.mars 2026.

Stjórn samþykkir framlagða tillögu um fundardaga stjórnar og aðalfund deildarinnar. Rætt var um að hafa vinnudag fyrir stjórn á haustdögum og var þeirri umræðu vísað til næsta fundar.

5. Starfsmannamál

Deildarstjóri leggur til að deildin taki að sér verkefni í norrænu samstarfi um tungumálaþjálfun sem hljóðar upp á 30% stöðugildi hjá deildinni. Styrkur fæst upp í verkefnið upp á 3 milljónir en mótframlag deildarinnar yrði 1 milljón.

Stjórn samþykkir tillögu deildarstjóra.

6. Starfsreglur stjórnar Rauða krossins við Eyjafjörð

Nauðsyn er á að lesa yfir ofangreindar starfsreglur og lagfæra þær með tilliti til breytingu á fjölda stjórnarmanna.

Stjórn samþykkir að fela deildarstjóra að koma með tillögur að breytingum á Starfsreglum stjórnar Rauða krossins við Eyjafjörð vegna breytinga á fjölda stjórnarmanna og senda til stjórnarmanna til samþykktar í rafrænni undirskrift.

7. Önnur mál

Fundarritari

Eva Hrund Einarsdóttir